

Ingólfur Davíð Sigurðsson
Bleiksárhlið
Eskifjörður

Reykjavík, 29. mars 2023
UST202212-089/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir myndatökur á Hornströndum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Ingólfur Davíð Sigurðsson, dagsett 11. desember 2023, um leyfi til að mynda refi við greni innan Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að mynda við nokkur greni í Hornvík. Til stendur að vakta greni og mynda ef færi gefst til. Verður ekki staldrað lengi við á hverjum stað. Ekki verður farið nær en 40 metra frá grenjum. Væri gott að hafa möguleika á að hafa felutjald ef leyfi fæst til en er ekki planað eða nauðsyn. Að tókunum kæmi 1 aðili og færu þær fram í þremur ferðum. Fyrsta ferðin yrði í byrjun júní, næst ferð um mánaðarmótin júlí ágúst og svo yrði seinasta ferðin farin síðustu vikuna sem opið er á Hornströndum.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 7. mars 2023 vegna verkefnisins. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 9. mars 2023. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun veitir, fyrir sitt leyti, samþykki fyrir því að Ingólfi verði veitt umbeðið leyfi, að því gefnu að eftirfarandi þrjú skilyrði séu uppfyllt: 1) Að tryggt sé að hann hafi kynnt sér viðmiðunarreglur sem Umhverfisstofnun hefur sett um umgengni við refi. Þar sem um undanþágu á þeim viðmiðum er að ræða þarf að koma fram að hann sé meðvitaður um áhrif nærveru sinnar í lengri tíma en þar er tilgreindur og að hann sjái til þess að þau áhrif verði í lágmarki. 2) Að hann ábyrgist að hlé sé gert á viðveru hans við grenin, í það minnsta frá því kl. 21:00 til 09:00 hvern dag, svo refirnir hafi tækifæri til að sinna afkvæmum, afla fæðu og hvílast. 3) Að skilja ekki eftir hluti eða búnað við grenin og fjarlægja allan búnað sem notaður verður til ljósmyndunar við greni, í lok viðveru hvers dags.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á refi á grenjum sé ekki vandað til verka við ljósmyndunina. Stofnunin telur að verkefnið hafi ekki neikvæð áhrif á aðra gesti svæðisins en geti gefið rangar hugmyndir um hvað má og hvað má ekki innan svæðisins. Umhverfisstofnun telur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins, umsækjandi láti vita af sér þegar hann kemur á svæðið og

ræði við landvörð um hvar hann ætlar að mynda, þ.e. hvaða greni hann ætlar að einbeita sér að. Einnig ef hann gætir þess að vekja ekki athygli á sér og draga að sér fleiri gesti sem vilja þá hanga við grenin líka.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ingólfur Davíð Sigurðsson fyrir sitt leyti leyfi fyrir myndatöku við greni í Hornvík innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. júní til 20. september 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjandi skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Umsækjandi skal ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að gefa dýrum á svæðinu að borða.
- Halda skal 40 metra fjarlægð frá grenjum og refum.
- Óheimilt er að mynda milli kl 21:00 og 09:00 við greni.
- Óheimilt er að setja upp tjöld eða annan felubúnað
- Óheimilt er að vekja á sér athygli við grenin og draga að sér fleiri gesti sem vilja þá hanga við grenin líka.

Ef umsækjandi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við

framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymisstjóri

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur